



Fundargerð 4. fundar stjórnar SSA 11. desember 2017

Fundurinn hófst kl. 12.30 á Egilsstöðum, á Vonarlandi í húsnæði Austurbrúar.

Boðið var upp á léttan hádegisverð í upphafi fundarins.

Mættir voru stjórnarmennirnir: Stefán Grímur Rafnsson, Margrét Guðjónsdóttir, Jens Garðar Helgason, Eydís Ásbjörnsdóttir, Hákon Hansson, Andrés Skúlason og Sigrún Blöndal. Auk þess sat fundinn nýráðinn verkefnastjóri sveitarstjórnarmála, Jóney Jónsdóttir, sem ritaði fundargerð.

Sigrún Blöndal stýrði fundi.

1. Fundargerðir, erindi og ályktanir.

- 1.1. Fundargerð frá 3. fundi stjórnar SSA 2017-2018 lögð fram til staðfestingar.
- 1.2. Fundargerðir stjórnar SASS (nr. 564) og frá ársþingi SASS, fundargerð FV (17.nóvember), fundargerð aðalfundar Eyþings og ályktun fundarins.
- 1.3. Fundargerð 854. fundar stjórnar Sambands ísl. Sveitarfélaga.
- 1.4. Fundargerð 81. Fundar stjórnar Austurbrúar.
- 1.5. Verkefnisstjórn brothættra byggða; Borgarfjörður eystri. Frétt af fyrsta fundi.
- 1.6. Erindi frá Sambandi íslenskra sveitarfélaga; a) Um verndun votlendis, b) Stofnun þjóðgarðs á miðhálandinu, c) Í skugga valdsins.

2. Almenningsamgöngur

- 2.1. Staða í dómsmáli Sternu gegn SSA.
Hilmar Gunnlaugsson lögmaður kemur inn á fundinn.
- 2.2. Fundargerð 15. fundar stjórnar SvAust.

3. Innri málefni SSA

- 3.1. Samstarfssamningur milli SSA og Austurbrúar.
Magnús Jónsson endurskoðandi kemur inn á fundinn.
- 3.2. Starfsmannamál; umfang starfs verkefnisstjóra
- 3.3. Kynning á ályktunum.
- 3.4. Fundur samgöngunefndar SSA

4. Sónaráætlun

- 4.1. Áhersluverkefni – könnun á fjarnámsþörf
- 4.2. Erindi frá Austurbrú vegna Miðstöðvar menningarfræða.
- 4.3. Samráðsfundur með Stýrineti stjórnarráðsins

5. Önnur mál.

Að loknum hádegisverði var fundur settur kl. 12:45

1. Fundargerðir, erindi og ályktanir.

- 1.1. Fundargerð frá 3. fundi stjórnar SSA 2017-2018 lögð fram til staðfestingar og undirritunar.
- 1.2. Fundargerðir stjórnar SASS (nr. 564) og frá ársþingi SASS, fundargerð FV (17.nóvember), fundargerð aðalfundar Eyþings og ályktun fundarins lagðar fram til kynningar.

- 1.3. Fundargerð 854. fundar stjórnar Sambands íslenskra sveitarfélaga. *Lögð fram til kynningar.*
- 1.4. Fundargerð 81. fundar stjórnar Austurbrúar. *Lögð fram til kynningar.*
- 1.5. Verkefnisstjórn brothættra byggða; Borgarfjörður eystri. Kynnt var frétt af fyrsta fundi verkefnisstjórnarinnar, sem haldinn var í nóvember. *Stefnt er að íbúapingi á Borgarfirði eystri í byrjun febrúar. Þar munu formaður og verkefnisstjóri sveitarstjórnarmála taka þátt.*
- 1.6. Erindi frá Sambandi íslenskra sveitarfélaga; a) Um verndun votlendis, b) Stofnun þjóðgarðs á miðhálandinu, c) Í skugga valdsins. *Lagt fram til kynningar.*

2. Almenningsamgöngur

- 2.1. Staða í dómsmáli Sternu gegn SSA.
Hilmar Gunnlaugsson lögmaður kom inn á fundinn og kynnti stöðu málsins.
Niðurstaða málsins skráð í trúnaðarmálabók.
- 2.2. Fundargerð 15. fundar stjórnar SvAust. *Stjórn SSA telur áriðandi að niðurstaða fáið sem fyrst í þátttöku sveitarfélaga í verkefninu SvAust þannig að hægt sé að þróa verkefnið frekar.*

3. Innri málefni SSA

- 3.1. Samstarfssamningur milli SSA og Austurbrúar.
Magnús Jónsson endurskoðandi kom inn á fundinn undir umræðu um lið 3.1 og 3.2 og fór yfir nokkur atriði varðandi samningsdrög milli SSA og Austurbrúar. *Formanni falið að ganga frá málinu og kynna það fyrir stjórn Austurbrúar.*
- 3.2. Starfsmannamál; umfang starfs verkefnisstjóra. *Stjórn SSA felur formanni að ganga frá málinu.*
- 3.3. Kynning á ályktunum. *Formaður og varaformaður munu funda með þingmönnum NA miðvikudaginn 13. desember og fara yfir áherslur SSA frá aðalfundi.*
- 3.4. Fundur samgöngunefndar SSA. *Boðaður hefur verið 1. fundur þessa starfsárs í samgöngunefnd SSA þann 19. desember nk. Formaður og verkefnisstjóri sveitarstjórnarmála munu sitja fundinn.*

4. Sóknaráætlun

- 4.1. Áhersluverkefni – könnun á fjarnámspörf. *Nýtt áhersluverkefni, könnun á fjarnámspörf, hefur fengið samþykki. Í ljósi þess að áhugi er hjá menningarmiðstöðvum á Austurlandi og fleiri aðilum að leggja áherslu á barnamenningu á næsta ári samþykkir stjórn SSA að leggja til við Stýrihóp stjórnarráðsins að 2 milljónum króna úr sóknaráætlun verði veitt til barnamenningarhátíðar á næsta ári og það verði eitt áhersluverkefna SSA.*
- 4.2. Erindi frá Austurbrú vegna Miðstöðvar menningarfræða. *Fyrir liggur erindi frá framkvæmdastjóra Austurbrúar varðandi starfsemi Miðstöðvar menningarfræða á Seyðisfirði. Stjórn felur formanni að óska eftir fundi með bæjarráði Seyðisfjarðarkaupstaðar.*



4.3. Samráðsfundur með Stýrineti stjórnarráðsins. *Boðað hefur verið til samráðsfundar landshlutasamtaka með Stýrihópi stjórnarráðsins í mennta- og menningarráðuneytinu 15. janúar nk. Formaður mun sækja fundinn ásamt verkefnisstjóra sveitarstjórnarmála og verkefnisstjóra Uppbyggingarsjóðs.*

5. Önnur mál.

Sigrún Blöndal vék af fundi við umfjöllun og afgreiðslu þessa liðar.

Í samræmi við bókun 14. fundar stjórnar SSA starfsárið 2016-2017 lagði Stefán Grímur Rafnsson, fulltrúi í framkvæmdaráði SSA, fram tillögu varðandi greiðslu til formanns SSA sem nemi 25% af mánaðarlaunum verkefnisstjóra sveitarstjórnarmála vegna þess að hún hefur gengið í störf verkefnastjóra frá júní 2017 og út árið. Stjórn SSA samþykkir tillöguna.

Fleira ekki rætt og fundi slitið kl.15.30

Andrés Skúlason

Eydís Ásbjörnsdóttir

Hákon Hansson

Jens Garðar Helgason

Margrét Guðjónsdóttir

Sigrún Blöndal

Stefán Grímur Rafnsson